



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarfundum Landssambands Gideonfélaganna á Íslandi
25. október 2002

Biskup Íslands
Menntamálaráðherra
Heiðruðu hátíðargestir

Minningin um litla bók sem gefin var okkur ungum hefur fylgt þúsundum Íslendinga alla ævi, stundin stóra þegar okkur var treyst fyrir því að eiga sjálft Testamentið, fengum okkar eigin lykil að orði guðs. Við varðveittum þennan dýrgrip og vissum stolt að bókin okkar var ásamt Biblíu afa og sálmabók ömmu komin á öndvegi á heimilinu, tókum hana fram aftur árum síðar og hugsum til þess góða fólks sem hana gaf.

Þannig hefur samband þjóðar og guðspjallanna verið innsiglað með bókargjöfum, traustinu sem Gideonfélagar hafa sýnt ungum Íslendingum, athöfninni þegar hverjum og einum var afhent guðsorð að gjöf og í hugum hinna ungu fæddist ríkuleg ábyrgð, að reynast trúr þessu trausti.

Hjá mörgum var Nýja testamentið og Davíðssálmar fyrsta alvöru bókin sem þau fengu ef þannig mætti komast að orði, aðrar voru kannski ævintýri, hasarsögur, barnabækur sem einhvern veginn voru léttvægari. Hér var komið guðsorðið sjálft, texti prestsins, boðskapurinn, ævi Krists og kirkjan, sagan mikla, þúsundir ára, menning og örlög heimsins alls – gjöf til mín, gjöf sem fyllti hugann ríkri ábyrgð, veitti hverjum og einum sannfæringu um að vera orðinn þátttakandi í langri vegferð, vegferðinni frá Betlehem til krossins sem reistur var á Hauskúpustað og síðan upprisunnar, vegferðinni sem fært hefur kynslóðunum fagnaðarerindið um Jesú Krist öld af öld og í okkar sögu tengt kristnitöku á helgum stað, Þingvöllum við Öxará, Hólastól og Skálholtskirkju, vegferðinni sem séra Friðrik gaf sérstakt gildi með boðskap sínum og ævistarfi.

Gjöfin sem Gideonfélagar hafa fært Íslendingum hefur verið annað og meira en lítil bók. Hún hefur verið fyrirheit um samfélag með kristnum mönnum, viðurkenning á mikilvægi hvers og eins, vígsla sem bundið hefur í hugum okkar trúnaðinn við Biblíuna.

Þessi bókagjöf kveikti hughrif sem vörðu ærið lengi og styrktust með þeirri leiðsögn sem lesturinn veitti ævilangt. Ungu fólki var opnuð veröld kristnidómsins og boðið að ganga þar inn og gera trúna að þungamiðju í sinni breytni.

Þúsundir bóka á hverju ári, með þessu hausti alls þrjú hundruð þúsund, fleiri en landsmenn allir; engin bók verið gefin út á lýðveldistíma í slíkum eintakafjölda.

Hugsjónaríkir og heitir í trúnni hafa Gideonfélagar staðið eins og bjarg að þessu mikla verki og aldrei látið deigan síga, þvert á móti eflst og styrkst við hverja raun og ætíð fundið nýjar leiðir til að halda merkinu á lofti.

Í rauninni hefur þessi bókargjöf til heillar þjóðar orðið að leiðarstefi í trúarlífi og menningu okkar Íslendinga, eins konar þjóðarstofnun í bestu merkingu stofnana-orðsins, jafnvel samfelld þjóðhátíð á þann veg að binda landsmenn saman í gleði og þökk, hverja kynslóð við aðra, þegar foreldrarnir sjá börnin koma heim með bókina sem þau fengu sjálf á yngri árum.

Gideonfélagar hafa fært þjóðinni boðskapinn um Jesú Krist og verið kirkjunni traustur bakhjarl, á hljóðlátan hátt frá manni til manns gert fagnaðarerindið að sameign okkar.

Það er erfitt að þakka sem skyldi slíkt merkisstarf en á þessum tímamótum færi ég ykkur einlæggar þakkir og árnaðaróskir Íslendinga, þakkir þúsunda sem sí og æ á langri ævi hafa hugsað til ykkar með hlýju og þökk, þúsunda sem í hinu litla kveri hafa fundið huggun og trú, vonarneista á erfiðum stundum, leiðsögn þegar öll sund virtust lokuð, lífsbjörg þegar efi og angist höfðu heltekið hugann.

Með bókina í hönd voru hann eða hún ekki lengur ein heldur áttu í Kristi og öðrum bræðrum og systurum samfélag sem gaf lífinu gildi.

Slíka gjöf er ei unnt að þakka á þann hátt að öllu sé til skila haldið en í hugum okkar Íslendinga hafa Gideonfélagar öðlast með starfi sínu heiðursess og við væntum þess að velgjörðir ykkar muni áfram styrkja kristna trú í landi okkar.